

Hverfisnefnd Oddeyrar

37. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í Oddeyrarskóla þann 19. febrúar 2008 kl. 17.00. Mætt voru Auður, Erlendur Steinar, Hildur, Jón Einar og Steinþór.

Tilgangur fundarins var að fara yfir fjögurra ára gamlar ljósmyndir sem fráfarandi hverfisnefnd Oddeyrar hafði tekið sem dæmi um atriði sem ýmist þóttu vera til fyrirmyndar eða vera sem lýti fyrir hverfið. Helstu niðurstöðurnar eftir þessa skoðun voru eftirfarandi;

1. Klára þarf að leggja gangstéttirnar við Hjalteyrargötu og þar þarf einnig að halda áfram að planta gróðri
2. Enn er mjög sóðalegt við Hvannavelli bakvið bæjarskrifstofurnar og þar þarf að taka til hendinni
3. Finna þarf lausn á bílastæðavandamálinu við veitingahúsið Greifann

Fundi slitið og fleira ekki rætt.